

Verkefni: Aðalfundur Gígjunnar.

Dagsetning fundar: 17. október 2015.

Tímasetning fundar: kl. 14:00 - 16:00

Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Laugavegi 116, 105 Reykjavík

Stjórnarkonur Gígjunnar:

Pórhildur Kristjánsdóttir (PK)	formaður	mætt
Dagbjört Ottósdóttir (DO)	varaformaður	mætt
Kolbrún Halldórsdóttir (KH)	ritari	mætt
Guðlaug Ásgeirsdóttir (GÁ)	gjaldkeri	mætt
Anna Lilja Ottósdóttir (AO)	meðstjórnandi	Fjarverandi
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	mætt
Margrét Bóasdóttir	verndari Gígjunnar	Fjarverandi

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til aðalfundarins:

Hekklurnar (Guðlaug Ásgeirsdóttir og Kristín Guðmundsdóttir)

Jórukórinn Selfossi (Laufey Ósk Magnúsdóttir)

Kvennakór Hornafjarðar (Pórhildur Kristjánsdóttir)

Kvennakór Ísafjarðar (Pernilla Rein)

Kvennakór Reykjavíkur (Rósa Kristín Benediktsdóttir, Ingibjörg Barðadóttir, Erla

Eggertsdóttir (Senjórítur) Margrét Hreinsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir)

Kvennakór Suðurnesja (Helga Hrönn Ólafsdóttir og Aðalheiður Gunnarsdóttir)

Kvennakórinn Norðurljós á Hólmavík (Ingibjörg Birna Sigurðardóttir)

Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur (Dagbjört Lára Ottósdóttir, Særún Ármannsdóttir,

Ragna Birna Baldvinsdóttir og Jóhanna M. Baldursdóttir)

Kvennakórinn Ymur (Jóna B. Kristinsdóttir og Guðrún Einarsdóttir)

Vox Feminae (Harpa Rún Glad)

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

Pórhildur Kristjánsdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Hún lagði til að Aðalheiður Gunnarsdóttir yrði kosin fundarstjóri og Kolbrún Halldórsdóttir fundarritari og var það samþykkt. Að loknum aðalfundi var sagt frá samstarfi norrænna kvennakóra, kvennakórskona var heiðruð, kynning á samningum við Fjölís, rætt um landsmót kvennakóra á Ísafirði 2017 og kvennakórátónleika í Hörpu auk kynningar á vefsetri.

1. Skýrsla stjórnar.

Pórhildur Kristjánsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar, sem var eftirfarandi:

Aðalfundur Gígjunnar 2014 var haldinn þann 18.október. Kosin var ný stjórn. Steiney Halldórsdóttir sem hafði verið ritari um árabíl hætti í stjórn og í hennar stað kom Anna Lilja Ottósdóttir úr Kvennakór Hornafjarðar til liðs við stjórnina. Ragnheiður Helgadóttir úr Kvennakór Hafnarfjarðar, Pórhildur Kristjánsdóttir úr Kvennakór Hornafjarðar,

Dagbjört Lára Ottósdóttir úr Kvinnakórnum Léttisveit Reykjavíkur og Guðlaug Ásgeirsdóttir úr Heklunum gáfu áfram kost á sér í stjórn. Þórhildur var endurkjörin sem formaður.

Varastjórnin er skipuð Önnu Breiðfjörð Sigurðardóttur úr Kvinnakór Akureyrar og Kolbrúnu Halldórsdóttur úr Kvinnakór Reykjavíkur.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir á fundinum, þær Margrét Hreinsdóttir úr Kvinnakór Reykjavíkur og Jóna Björg Kristinsdóttir úr Kvinnakórnum Ym.

Vefstjóri Gígjunnar er Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir úr Kvinnakór Suðurnesja og verndari Gígjunnar er Margrét Bóasdóttir kórstjóri og söngkona.

Ragnheiður ákvað að ganga úr stjórninni á árinu og tók Kolbrún Halldórsdóttir varamaður sæti í hennar stað.

Aðildarkórarnir eru sem fyrr 26, aðeins hefur vænkast hagur okkar því Héraðsdætur hafa bæst í hópinn og við höfum frétt að jafnvel geti verið von á fleiri kórum.

Störf stjórnar.

Stjórn Gígjunnar fundaði nokkuð reglulega á þessu starfsári. Stundum hefur tekist að ná allri stjórninni saman í Reykjavík en oftast hafa fundirnir verið símafundir eða á skype. Það leið nokkur tími áður en stjórnin náði að hittast og skipta með sér störfum en þegar það tókst féllu verkefni þannig að Dagbjört er varaformaður, Ragnheiður ritari, Guðlaug gjaldkeri og Anna Lilja meðstjórnandi.

Norrænt kvinnakórasamstarf.

Í upphafi árs barst Gígjunni boð um að taka þátt í að móta norrænt samstarf kvinnakóra. Við þáðum það og Guðlaug og Dagbjört fóru til Stokkhólms í lok maí að hitta söngsystur okkar og forma samstarfið. Þær ætla að segja okkur frá þessu samstarfi hér á eftir. Fundir verða að mestu haldnir á skype, en þó er reiknað með að hópurnir hittist árlega og mun því væntanlega hljóta einhver kostnaður af því starfi en við stefnum á að sækja um styrki fyrir þessari samvinnu. Við fundum einn sjóð sem hugsanlega mundi styrkja svona verkefni, en úthlutun þess sjóðs er í tímabilum og þegar okkar umsókn barst var einungis hægt að fá styrki fyrir verkefnum sem hæfust eftir 1. júní. Þær Dagbjört og Guðlaug komu hins vegar heim 31. maí, þannig að það samræmdist ekki reglum sjóðsins.

Kvinnakóratónleikar í Hörpu.

Um tíma hefur verið á lofti hugmynd um að Gígjan mundi standa fyrir stórum tónleikum þar sem öllum aðildarkórnum mundi standa til boða að taka þátt. Nú á 100 ára afmælisári kosningaréttar kvenna langaði okkur að láta þennan draum verða að veruleika og efna til tónleika í Eldborgarsal Hörpu og heiðra sögu kvenna með einum eða öðrum hætti.

Hugmyndin að þessum tónleikum kom fram á síðasta aðalfundi og þá var óskað eftir konum í undirbúningsnefnd og buðu Margrét Pálmadóttir og Heiða Gunnarsdóttir sig fram. Haldinn var stjórnarfundur þar sem Margrét var boðuð til frekari hugmyndavinnu ásamt Heiðu Gunnarsdóttir. Á fundinum var brainstormað um hvernig svona tónleikar gætu orðið. Hafist var handa við að finna heppilega dagsetningu og kanna bókun á Eldborgarsal, kostnað o.fl. Einnig var ákveðið að kanna hjá aðildarkórnum hvort þeir vildu taka þátt í þessu verkefni.

Eldborgin reyndist ekki vera laus um helgar í nóvember og var því ákveðið að taka frá fimmtudagskvöld þrátt fyrir að við vissum að það gæti sett sumum kórum skorður með þátttöku. Samið var við tónskáld um að semja lag sem hæfði tilefninu og stjórnin lagðist í ljóðabækur til að finna fallegt ljóð sem um leið væri kröftugt og hvetjandi og mundi vekja jákvæðar tilfinningar við lok magnaðra tónleika.

11 kórar tilkynntu þáttöku í þessum tónleikum. Stofnaður var undirbúningshópur til að móta tónleikana betur, velja lög og fl. og Rósa Benediktsdóttir var ráðin til að leiða undirbúningsvinnuna.

Það er skemmst frá því að segja að þessi vinna hefur ekki náð neinu flugi og nú í október þótti stjórninni ljóst að ekki gæti orðið af tónleikum í nóvember og var því tekin ákvörðun um að fresta þeim, tónskáldið var sett á hold, Eldborgin afþöntuð og styrk sem við vorum búnað að fá frá framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna var skilað. Undirbúningshópurinn var beðinn að halda áfram að vinna og finna nýja dagsetningu á vordögum.

Ekki tókst að koma vinnunni af stað aftur og stjórnin fór í nokkra sjálfsskoðun í framhaldi af því. Við spurðum okkur hvort áhugi væri ekki til staðar, hvort verkefnið væri ekki nógu spennandi, hvort kórarnir og kórstjórnarnir séu of störfum hlaðnir og þar fram eftir götunum.

Niðurstaða þessarar naflaskoðunar var sú að við værum ekki með nógu vel mótaða hugmynd um tónleika, við þyrftum að vinna heimavinnuna betur og leggja fram skýrari línur. Tónleikunum er því frestað um óákveðinn tíma en grunnvinna er í fullum gangi og við látum í okkur heyra síðar með það.

Tilgangur og hlutverk Gígjunnar.

Við í stjórninni höfum einnig verið að ræða um tilgang Gígjunnar og hlutverk hennar, hvert eigum við að stefna, hvernig getum við best stutt við aðildarkórana og hvernig við getum orðið sýnilegri fyrir hina almennu kórkonu. Ný stjórn mun væntanlega vinna áfram á þessari braut.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar Gígjunnar þakka öllum aðildarkórunum fyrir gott samstarf og frábærar samverustundir á starfsárinu sem er að ljúka. Það er von mín að landssambandið eigi eftir að eflast og verða sýnilegra á komandi starfsári og reynast aðildarkórunum sterkur og góður bakhjarl.

2. Reikningar.

Guðlaug Ásgeirsdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga starfsársins 2014-2015 og las þá yfir fyrir fundargesti.

3. Umræða um skýrslu og reikninga.

Fyrirspurn barst vegna taprekstrar síðustu tveggja ára og hvort ekki verði breyting þar á. Kom fram að gjaldkeri muni leggja fram tillögu um hækkun árgjalds undir liðnum ákvörðun árgjalds.

4. Tillögur og lagabreytingar.

Engar tillögur komu um breytingar á lögum Gíggjunnar.

5. Ákvörðun árgjalds.

Gjaldkeri lagði fram tillögu um að hækka aðildargjöld í 6000 kr. á kór og 300 kr. á kórkonu. Rætt var um hvernig þessu verði fylgt eftir og verður það með sama hætti og undanfarin ár að sent verður út innheimtubréf og það síðan ítrekað ef greiðslur berast ekki. Breytingatillaga kemur fram um að hækka gjald á kór og gjald á kórkonu um sömu prósentu, þannig að gjaldið hækki í 6000 kr. á kór og 400 kr. á kórkonu. Breytingatillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kosning formanns.

Þórhildur Kristjánsdóttir gefur ekki kost á sér áfram sem formaður Gíggjunnar. Dagbjört Lára Ottósdóttir gefur kost á sér til formennsku og er kjörin með lófaklappi.

7. Kosning stjórnar og varamanna.

Þórhildur Kristjánsdóttir og Guðlaug Ásgeirsdóttir gefa kost á sér áfram í stjórn Gíggjunnar. Ragnheiður Helgadóttir gekk úr stjórn fyrir á árinu og Kolbrún Halldórsdóttir varamaður tók sæti hennar, en hún gefur ekki kost á sér áfram í aðalstjórn. Anna Lilja Ottósdóttir gengur úr aðalstjórn. Bryndís Bjarnarson úr Kvinnakór Hornafjarðar og Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir úr Kvinnakór Akureyrar gefa kost á sér í aðalstjórn. Anna Lilja Ottósdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Una Þórey Sigurðardóttir úr Kvinnakór Akureyrar gefa kost á sér í varastjórn. Allar voru samþykktar samhljóða.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.

Skoðunarmenn reikninga eru Margrét Hreinsdóttir og Jóna Björg Kristinsdóttir. Þær gefa kost á sér áfram og voru samþykktar einróma.

9. önnur mál.

Norrænt kvinnakórasamstarf.

Guðlaug og Dagbjört sögðu frá ferð sinni til Svíþjóðar á fund Norræna kvinnakórasambandsins (NDN). Gígjan gekk formlega inn í þetta norræna samband á þeim fundi og eru Dagbjört og Guðlaug fulltrúar Gíggjunnar í stjórn sambandsins. Á þessum fundi var staða kvinnakóra á Norðurlöndum rædd. Aðeins á Íslandi og Finnlandi eru sérstök kvinnakórasambönd. Tilgangur NDN er að efla samband kvinnakóra, „efla söngbrú“, deila verkum, upplýsingum, tónlist. Allir kvinnakórar á Norðurlöndum geta gengið í þetta samband, kórar þurfa ekki að vera í landssambandi, það geta líka verið stakir kórar.

Ekki náðist í fulltrúa frá Danmörku fyrir fundinn en vitað er að töluvert er af kvinnakórum þar og a.m.k. tveimur í Færeyjum. Það þarf að virkja þá til að taka þátt.

Næsta norræna kvennakóramót verður haldið í maí 2018. Undirbúningur fyrir það er þegar hafinn.

Nordisk forum er ekki hluti af þessu, það eru samtök fyrir bæði karla og kvennakóra.

Í umræðum kom fram að gott væri fyrir fulltrúa Gíggjunnar að hafa samband við Rannveigu Pálsdóttur en hún mun vera hafsjór af upplýsingum varðandi norrænt samstarf.

Heiðursviðurkenning Gíggjunnar 2015.

Heiðursviðurkenningu Gíggjunnar að þessu sinni hlýtur Guðrún Ósk Sæmundsdóttir (Rúna) úr Kvinnakór Kópavogs. Þórhildur afhenti henni verðlaunin og las við það tækifæri upp umsögn Kvinnakór Kópavogs um Rúnu sem fer hér á eftir:

Sumar manneskjur hafa eitthvað óútskýranlegt við sig, eru gleðigjafar sem lífga þannig upp á tilveruna að ef þær eru ekki nærri þá vantar eitthvað.

Í Kvinnakór Kópavogs eru margar skemmtilegar og frábærar konur en hún Rúna okkar hefur þennan frábæra eiginleika og skiptir okkur kórsystur hennar og kórstarfið í heild sinni miklu. Hún í raun er stór hlekkur í stoðkerfi kórsins.

Rúna okkar er dásamleg og kemur okkur hinum alltaf öllum í gott skap með endalausum glensí sínu, athugasemdum og svipbrigðum. Alltaf fer hún fremst í flokki ef gera á eitthvað skemmtilegt, skvettist um og gerir endalaust grín að sjálfri sér sem hefur oft þær afleiðingar að allur kórinn endar í hláturskasti. Hún Rúna okkar er sú okkar sem tekur alltaf þemupartíin alla leið. Full ferðataska af hárkollum og búningum er tekin með í æfingabúðir og þar stekkur hún inn í gervin eins og langlærður leikari og vekur alltaf mikla lukku fyrir.

Jákvæð er hún og alltaf til í að vinna fyrir kórinn, hún hefur setið í fleiri en einni stjórn og endalausum nefndum, ávallt viðbúin.

En til margra ára hefur hún einnig komið með "Rúnu söngte" á hverja æfingu. Rogast á hverja einustu æfingu með risa höldupoka af hitabrusum sem innihalda göróttan engiferdrykk sem allar kórsysturnar (en við teljum hátt í 60) hópast um til að fá sopa af í æfingahléi. Þetta gerir hún allt af einskærri gleði og umhyggju fyrir okkur hinum.

Í kórum er mikilvægt að konur taki vel eftir á æfingum, mæti undirbúnar á æfingar, taki þátt í félagstarfi kórsins og svo framvegis. En í fjölbreyttum hópi frábærra kvenna leynast alltaf skrautfjaðrir og Rúna okkar er ein af þeim.

Við kórsystur Rúnu í Kvinnakór Kópavogs erum alveg hreint endalaust þakklátar fyrir að fá að njóta samvista við hana í okkar frábæra kór. Því er það okkur mikill heiður og gleði að útnefna hana til heiðursviðurkenningar Gíggjunnar.



Þórhildur Kristjánsdóttir, fráfaraandi formaður Gíggjunnar, afhenti Guðrínu Ósk Sæmundsdóttur heiðursviðurkenningu Gíggjunnar 2015.

Vefsetur Gíggjunnar.

Aðalheiður kynnti vefsetur Gíggjunnar. Hún minnti á ýmis atriði sem eru á vefnum eins og fréttir frá aðildarkórunum. Hún hvatti formenn til að senda inn meiri fréttir af starfi kóranna, þar sem vefsetrið geymir allar heimildir. Hún óskaði einnig eftir því að kórarnir sendu til Gíggjunnar allar breytingar á stjórn þegar þær gerðust, þannig að réttar upplýsingar væru alltaf á vefsetrinu. Þessar breytingar eru t.d. nýr formaður, heimilisföng, fjöldi kórkvenna og netföng. Einnig hvatti hún konur til að senda inn nýjar myndir af kórunum þar sem margar myndir væri orðnar nokkuð gamlar.

Kynning á Fjölís

Helga Sigrún frá Fjölís hélt erindi og kynnti Fjölís.

Grunnur samninga við kvennakóra er frá 2004. Greitt er fyrir 30 textasíður á ári fyrir hverja kórkonu.

Megnið af þessum tekjum rennur til Stefs og renna í sjóð sem fer í að gefa út textabækur. Það þarf að uppfæra samninga með tilliti til rafrænna heimilda. Nú er verið að vinna í að endurnýja þessa samninga.

Á fundi í vor kom upp sú hugmynd að gera einn samning við landssambandið og gefa afslátt af gjaldinu til að einfalda alla umsýslu.

Sumir kvarta yfir of háu gjaldi, þarf að skoða með kórstjórum, skoða efnisskrár, hver er að ljósrita og hver er að kaupa nótur.

Fyrirspurn kom um hvort gjöld hafi hækkað vegna erlendra verka og svaraði Helga því að svo væri ekki.

Einnig var spurt hvort allir kórar hafi samning við Fjölís en svo er ekki.

Þeir kórar sem eru ekki með samning greiða ekkert. Þessvegna er gott að gera samning svo allir séu undir sama hatti.

Bent er á að allir vilji vera löglegir, en það sé bara erfitt. Hlutverk Gígjunnar ætti m.a. að vera það að efla aðgengi að því að hægt sé að kaupa tónlist.

Fundurinn samþykkir að Gígjan haldi áfram í þessum samningaviðræðum. Það verður rúkað eftir gamla samningnum fyrir síðasta starfsár þar sem samningurinn er ekki tilbúinn.

Landsmót 2017.

Umræður urðu um landsmót kvennakóra sem verður haldið á Ísafirði 11. – 14. maí 2017. Pernilla frá Kvinnakór Ísafjarðar svaraði fyrirspurnum. Bæta á einum degi við lengd mótsins, það verða þrjár smíðjur, tónleikar kóranna ná yfir tvo daga, föstudagskvöld og laugardagseftirmiðdag.

Drög að dagskrá:

Fimmtudagur 11. maí: konur mæta og snarl í boði, mótsgögn, æfing.

Föstudagur 12. maí: Málþing kórstjóra – endurmenntun, smíðja, svo hefðbundið, standandi kvöldverður og partý.

Laugardagur 13. maí: Æfing, seinni tóneikar, hefðbundinn hátíðarkvöldverður.

Sunnudagur 14. maí: Tónleikar og mótslit.

Farið verður í það að óska eftir því hverjir eru búinir að skrá sig og panta gistingu.

Rætt hefur verið um fjöldatakmörkun en stjórn Gígjunnar er andvíg því. Aðildarkórar Gígjunnar eiga að ganga fyrir, allir aðildarkórar sem vilja verða að geta tekið þátt.

Landsmótssíða fyrir mótið á Ísafirði er komin á vefsetur Gígjunnar, gigjan.is.

Netfang undirbúningshópsins er landsmot2017@gigjan.is.

Kvinnakóratónleikar í Hörpu í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Áætlað var að Gígjan stæði fyrir kvinnakóratónleikum í Hörpu 19. nóvember nk. í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Stofnaður var vinnuhópur til að undirbúa tónleikana. Illa gekk hins vegar að blása lífi í vinnuhópinn, léleg mæting var á fyrsta fund, enginn gat mætt á þann næsta og þarnæsta.

Í ljósi þess og einnig vegna þess að fyrirsjáanlegt var að fáir kórar af landsbyggðinni sáu sér fært að taka þátt í tónleikunum, ákvað stjórn Gígjunnar að fresta tónleikunum um óákveðinn tíma. Áhugi er fyrir því að halda undirbúningi áfram og stefna á að halda tónleikana haustið 2017. Mikill áhugi er hjá kórum að fá að syngja í Hörpu. Nýr vinnuhópur yrði skipaður leikmönnum, með ráðgjöf frá kórstjórum varðandi lagaval. Rósa Kristín Benediktsdóttir er tilbúin til að leiða þann undirbúning.

Mikilvægt er að finna hentuga tímasetningu þannig að sem flestir kórar geti verið með.

Gígjan hafði fengið úthlutað styrk frá frá framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna en skila þurfti styrknum þar sem ekki verður af tónleikunum af þessu tilefni.

Jórukórinn 20 ára

Laufey Ósk Magnúsdóttir, formaður Jórukórsins sagði frá því að kórinn haldi upp á 20 ára afmæli á næsta ári. Í tilefni af því verða haldnir afmælistónleikar í reiðhöllinni á Selfossi þar sem flutt verður tónlist hljómsveitarinnar ABBA.

Þórhildur formaður þakkaði konum kærlega fyrir komuna og fundarsetuna.

Fundi var slitið kl. 16:00

Ritari fundargerðar: Kolbrún Halldórsdóttir